


Faxaflóahafnir
b.t. Gísla Gíslasonar
Tryggvagötu 17
101 Reykjavík



Reykjavík 19. febrúar 2016

Varðar: Myndun vinnuhóps til skoðunar á framkvæmd Sundabrautar

Nú um nokkurt skeið hafa LEX ehf. og GAMMA Capital Management ehf. unnið í sameiningu að því að setja saman vinnuhóp sem hefði það hlutverk að skoða hvort hægt sé að koma áfram framkvæmd við Sundabraut.

Í því skyni hafa framangreindir aðilar t.a.m. átt fundi með verkfræðistofunni EFLU, en EFLA sinni frumathugun á verkefninu á sínum tíma í þágu Vegagerðarinnar.

Ljóst má vera að Faxaflóahafnir eru einn stærsti hagsmunaaðili við byggingu Sundabrautar. Með nýju skipulagi Vogahverfis er ljóst að við lagningu Sundabrautar mun þurfa að taka verulegt tillit til hafnaraðstöðu Samskipa, auk þess sem að Sundabraut mun verða mikilvæg samgönguleið við aðrar hafnir t.d. á Grundartanga.

Hlutverk þessa vinnuhóps mun fyrst og fremst snúast um að finna út hver kostnaður er við það að búa til áætlun um verkefnið sem gæti verið grundvöllur undir fjárfestingarákvörðun fjárfesta sem áhuga kunna að hafa á málinu.

LEX og GAMMA vilja með bréfi þessu óska eftir því að fulltrúi Faxaflóahafna komi að vinnu þessa vinnuhóps, sem hyggst vinna að frumathugun á málinu. Það skal tekið fram að á þessu stigi er ekki farið fram á neinskonar skuldbindingu frá þeim aðilum sem mynda vinnuhópinn að öðru leyti en því að ekki er rukkað fyrir vinnu viðkomandi aðila á þessu stigi. Þá er ekki farið fram á það að Faxaflóahafnir lýsi með neinum hætti yfir stuðningi við verkefnið eða skuldbindingu um að koma að verkefninu verði það að veruleika.

Virðingarfyllt,

F.h. LEX



Garðar G Gíslason, stjórnarform.

F.h. GAMMA



Gísli Hauksson, forstjóri